

## Umsögn félagsráðgjafa - Kólumbía

Í augnablikinu geta aðeins fjölskyldur sem eru opnar fyrir því að ættleiða barn/börn með skilgreindar þarfir sent umsókn til Kólumbíu. Það er mjög mikilvægt að í umsögn félagsráðgjafa sé sérstakur kafli sem fjallar um væntingar umsækjenda og möguleika þeirra til að ættleiða barn með skilgreindar þarfir. Mikilvægt er að félagsráðgjafi og umsækjendur ræði saman á opinn og heiðarlegan hátt og að það komi fram í umsögn félagsráðgjafans. Þá er mikilvægt að það komi fram að umsækjendur séu tilbúnir í að ættleiða barn með skilgreindar þarfir. Einnig er nauðsynlegt að það komi fram hvernig stuðningsnet umsækjenda muni taka á móti barni með skilgreindar þarfir og hvaða þjónustu er að fá á Íslandi fyrir börn með skilgreindar þarfir.

Hér eru nokkur atriði sem mikilvægt er að komi fram í umsögn félagsráðgjafans ef umsókn er send til Kólumbíu.

- Gagnsæi og undirbúningur umsækjenda varðandi það að taka á móti barni með skilgreindar þarfir. Að hvaða leyti eru umsækjendur vel undirbúnir. Metur félagsráðgjafi það þannig að umsækjendur séu vel undirbúnir til að taka á móti barni með skilgreindar þarfir? Undirbúningur getur t.d. verið reynsla með börnum, lestur bókmennta um málefnið, fagleg ráðgjöf og samtöl við fjölskyldur sem hafa ættleitt eða annað. Ef umsækjendur eiga börn og hafa því reynslu af því að vera foreldri/foreldrar ætti að nefna það einnig hér.
- Miðstjórnvald Kólumbíu er með lista yfir skilgreindar þarfir sem umsækjendur þurfa að fylla út. Mikilvægt er að umsögn félagsráðgjafans taki mið af þessum lista og möguleikum umsækjenda til að mæta þeim skilgreindu þörfum sem þar koma fram.
- Gott er að lýsa faglegum stuðningi sem umsækjendur geta sótt í nærumhverfi sínu, t.d. spítali, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og annað. Gott að taka fram ef t.d. spítalinn er nálægt heimili umsækjenda.
- Ef umsækjendur hafa væntingar til þess hvernig litarhátt barnið hefur er mikilvægt að það komi fram í skýrslu félagsráðgjafans. Ef umsækjendur hafa engar væntingar er mikilvægt að það komi fram að umsækjendur séu tilbúnir að taka á móti barni óháð kyni, kynþætti og útliti. Samfélagið í Kólumbíu er mjög lagskipt og eru fordómar ríkjandi gagnvart litarhætti, því er það mikilvægt að segja frá því í skýrslunni að umsækjendur hafi ekki fordóma og að stuðningsnetið þeirra hafi ekki fordóma heldur.
- Lýsa þarf almennum félagslegum stuðningi á Íslandi, svo sem fæðingarorlofi, veikindarétti, aðgangur að skóla, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, tannlæknaþjónustu o.s.frv.
- Lýsa í smáatriðum félagslegu neti umsækjenda. Nefna þá einstaklinga sem umsækjendur geta fengið stuðning frá, bæði faglegan og eða tilfinningalegan stuðning og hver tengsl þessara einstaklinga eru við umsækjendur. Lýsa því hvort þessir einstaklingar eiga heima í nálægð við umsækjendur eða ekki. Ef foreldrar umsækjenda eru til staðar er gott að nefna hvort þau búi nálægt umsækjendum, hvort þau séu komin á eftirlaun og geti jafnvel varið meiri tíma með umsækjendum og barninu.
- Ef þessir einstaklingar í félagsneti umsækjenda hafi e-a faglega þekkingu sem er góður kostur þegar kemur að ættleiðingu ætti að nefna það einnig (t.d. ef einstaklingurinn er læknir, sálfræðingur, kennari)
- Segja frá því hvernig umsækjendur muni segja barni sínu frá uppruna sínum, hvernig þau muni tala um upprunalandið, hvort þau samþykki upprunaleit í framtíðinni og hvort umsækjendur væru tilbúnir að fara með barninu til upprunalands.
- Ástæða ættleiðingar þarf að koma fram í skýrslunni.

- Mikilvægir atburðir í lífi umsækjenda, hvernig hafa þær mótað umsækjendur. Ef umsækjandi hefur upplifað áföll í lífinu er mikilvægt að segja frá því hvernig umsækjandi vann úr því.
- Ef einhleypir umsækjendur hafa verið í hjónabandi þarf að fjalla um ástæður skilnaðar. Mjög mikilvægt er að lýsa stuðningsnetinu sérstaklega vel, og segja frá þeim fyrirmyndum sem eru.
- Ef umsækjandi er samkynhneigður þarf að skýra sérstaklega frá því hvenær þeir vissu af samkynhneigð sinni og hvernig þeir komu út úr skápnum. Hvernig tók fjölskyldan því að viðkomandi væri samkynhneigður og hvort þeir upplifi fordóma gagnvart kynhneigð sinni og ef svo er, þá hvernig þeir hafi unnið úr því. Hvernig er samkynhneigðum tekið á Íslandi, hvort fordómar séu til staðar.